

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð gamalmenna **70**
í Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt ad 10. okt.
mandatum, af dóms- og kirkjumálaráðherra, 10. október 1922. Skipulagsskráin
er þannig:

Skipulagsskrá

**fyrir styrktarsjóð gamalmenna í Ísafjarðarkaupstað
og Norður-Ísafjarðarsýslu.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með fje, er inn kom við fyrirlestur Ólafs Ólafssonar um ellitryggingar, er fluttur var á Ísafirði í febrúarmánuði 1922 og samskotum einstakra manna.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 159.00. — eitt hundrað fimmtíu og níu krónur, er liggja á vöxtum í sparisjóði í útbúi Landsbankans á Ísafirði. Ætlast er til, að sjóðurinn aukist með gjöfum og áheitum, og eigi má hann skerða fyrir en hann er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — og þá aðeins úthluta árlega helming ársvaxtanna.

3. gr.

Styrk úr sjóðnum fá farlama og heilsulaus gamalmenni yfir 60 ára, í Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu, sem stjórn sjóðsins telur sjerstaklega styrks þurfandi. Ef enginn á þessum aldri telst styrks þurfi, er stjórn sjóðsins heimilt að veita farlama og heilsulausum mönnum styrk, þó yngri sjeu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarpresturinn og hjeraðslæknirinn á Ísafirði, ásamt sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtast á þeim stað, er stjórn hans telur tryggilegan, og skulu reikningar hans vera til sýnis, ef óskað er, á skrifstofu Ísafjarðarsýslu.

6. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, 30. ágúst 1922.

Ólafur Ólafsson.